



Deiliskipulag Aksturs- og skotæfingsvæði í Kapelluhrauni var samþykkt 02.09.2008



Breyting á deiliskipulagi Aksturs- og skotæfingsvæði í Kapelluhrauni maí 2015

SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulagsvæðis
- Svæðisafmörkun
- Lóðamörk og stærð
- Byggingarreitur
- Vegir
- Svæði fyrir bílastæði
- Ökukennsla og æfingsvæði
- Akstursíþróttir - bifreiðar
- Akstursíþróttir - vélhjól
- Skotæfingsvæði
- Hverfisverndar svæði
- Jarðvegsmön
- Hjóðgíringar á jarðvegsmön
- Jarðstrengur
- Háspennulína
- Núverandi háspennumastur (til skýringar)
- Minjar
- Undirgöng
- Gönguleið
- Fjöldi bílastæða



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 (hluti)

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI:

- 4.1 Ökukennsluvæði og æfingsvæði**
 - Gerð er breyting á brautum í samræmi við viðauka VI í reglugerð um ökuskirteini nr. 830/2011. Í ökugerði skal vera unnt að gera þær æfingar sem tilgreindar eru í námskrá og að ná með góðu móti 60 km hraða á klst. Ekki er lengur þörf á brautum með sérstöku yfirborði til að búa til hálfu heldur eru notaðir skrikblár á venjulegum malbiki.
 - Braut með bundnu slitlagi skal vera a.m.k. 80 m löng og a.m.k. 5 m breið. Samhlíða svæði með malarýfirborði sem skal vera hægra megin við fyrirætlaða akstursstefnu á æfingabrautinni. Svæðið skal vera a.m.k. 60 sm breitt og a.m.k. 8 sm lægra en yfirborð æfingabrautarinnar. Brún af æfingabraut á svæði skal vera með a.m.k. 60° halla. Öryggissvæði meðfram svæði með malarýfirborði skal vera a.m.k. 5 m breitt.
 - Aðgangur að braut skal vera er 80 m löng, 9 m breið með 50 radísu og 9 m öryggissvæði og 100 löng og 13 m breið með þrettán metra öryggissvæði.
- 4.2 Akstursíþróttir bifreiðar**
 - Kvartmílubraut brekkar úr 11 m 17 m.
 - Hringakstursbraut verður 9 m að breidd í stað 10 m.
 - G0-Kart braut er felld út
 - Sandspyrna verður við pyttinn en ekki innan hringakstursbrautar.
- 5.1 Stjórnstöð og þjónustuhús fyrir akstursæfingsvæði**
 - Byggingarreitur fyrir þjónustuhús minnkar og stjórnstöð færð.
- 5.4 Stjórnstöð fyrir ökukennslu**
 - Byggingar stækkar úr 240 m² í allt að 1200 m²
 - Hluti byggingarinnar verði allt að tveimur hæðum í stað einnar hæðar
 - Byggingarreitur stækkaður til aðlögunar auknu byggingarmagni
- 5.6 Dreifistöð**
 - Stærð núverandi byggingar allt að 82 m². Texta vantaði í gildandi greinargerð
- 5.7 Stjórnstöð fyrir akstursæfingsvæði**
 - Nýr byggingarreitur fyrir stjórnstöð verður staðsettur vestan við kvartmílubraut. Aðkoma að íþróttasvæði og mótórcross hliðrast vestur fyrir stjórnstöð.
- 6. Bílastæði**
 - 6.1 Félagsheimili, stjórnstöð, þjónusta og akstursíþróttasvæði**
 - Gert er ráð fyrir samtals 308 bílastæðum á fjórum bílastæðasvæðum.
 - 6.2 Íþróttahús**
 - Gert er ráð fyrir 98 bílastæðum.
 - 6.3 Ökukennsluvæði**
 - Gert er ráð fyrir samtals 170 bílastæðum á tveimur bílastæðasvæðum.
 - 6.4 Skotæfingsvæði**
 - Gert er ráð fyrir 80 bílastæðum.
 - Samtals á öllu svæðinu er gert ráð fyrir samtals 656 bílastæðum.
- 8.2 Gönguleiðir**
 - Fallið er frá undirgöngum fyrir gangandi og leið vélhjóla að mótórcross brautum. Gönguleiðir aðlagðar breytingum
- 9.0 Lóðastærðir**
 - Lóð Kvartmíluklúbsins er 46,6 ha að stærð.
 - Lóð SÍH er 6,5 ha að stærð
- Uppdrættir**
 - Deiliskipulaguppdráttur og skýringaruppdráttur uppfærðir í samræmi við breytingu.

Að öðru leyti gilda skilmálar í gildandi deiliskipulagi sem var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 2.9.2008.

GREINARGERÐ

- 1. INNGANGUR**

Með deiliskipulagi fyrir svæðið er Hafnarfjarðarbær að mæta kröfum fyrir vaxandi vinsældir bifreiða-, vélhjóla- og skotíþróttar. Með því að tryggja að iðkun aksturs og skotæfinga fái fastan samastað með tilheyrandi aðstöðu og skipulögðum æfinga- og keppnisbrautum er í leiðinni minnkuð hættu á skemmdum á náttúrulegum svæðum

Megin markmið með uppbyggingu svæðisins er að sameina á einum stað fjölbreytta aðstöðu og æfingsvæði fyrir aksturs-, vélhjóla- og skotíþróttir og þar með:

 - stuðla að bættu umferðaröryggi
 - færa utanvegaakstur inn á skipulagð svæði og bæta með því umgengni við náttúruna og minnka hættu á skemmdum á landi
 - bjóða upp á ökukennsluvæði þar sem m.a. er hægt að æfa akstur við erfið skilyrði
 - samnýta svæði fyrir mismunandi notendahópa
 - bjóða upp á skotæfingar þar sem fyllsta öryggis er gætt
 - 2. NÚVERANDI AÐSTÆÐUR**
 - 2.1 Landnýting**

Skipulagsvæðið er í dag staðsett mitt á milli iðnaðarsvæðis og náttúrulegs hraunjaðars. Núverandi starfsemi á svæðinu er kvartmílubraut, skotæfingsvæði og háspennulína sem þverar svæði frá austri til vesturs. Efnistaka hefur átt sér stað á stórum hluta svæðisins.
 - 2.2 Minjar**

Samkvæmt fornleifaskráningu minjasafns Hafnarfjarðar eru allmargar minjar á þeim hluta svæðisins sem er ósnortin. Um svæðið liggur gömul leið frá Straumsvík sem mótað hefur troðning í hraunið. Aðrar minjar eru ýmsar búsetumínjar s.s. gerði, fjárhellir og svokölluð Rauðamelsrétt.
 - 3. SKIPULAGSMÁL**
 - 3.1 Aðalskipulag**

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar er svæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og er ætlað fyrir aksturs- og skotíþróttir. Aðliggjandi landnotkun er iðnaðarsvæði að sunnan, vestan og norðan en íbúðar- og athafnasvæðum að austan.
 - 3.2 Mat á umhverfisáhrifum**

Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki eru tilkynningarskyldar skv. gr. 11 í viðauka 2 við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagsstofnun mun síðan meta hvort framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á landslag. Megin hluti svæðisins þar sem uppbygging á sér stað er þegar raskað af efnistöku og núverandi landnýtingu. Æfingsvæði fyrir vélhjól og hluti af hringakstursbraut er á ósnortnu en fremur einsleitu hraunasvæði en þar verða mjóar malarbrautir felldar inn í landslagið. Stór samfelld hraunasvæði með fjölbreyttu landslagi og minjum er utan við framkvæmdasvæði og haldið ósnortu.

Hávaðamengun. Sjá meðfylgjandi athugun sem unnin er af Línuhönnun.

Áhrif á minjar. Engum minjum er raskað og er framkvæmdasvæði að lármarki 20 m frá þeim. Unnið er að fornleifaskýrslu fyrir svæðið. Í heildina er tekin frá stór verndarsvæði vegna minja og landslags.
 - 4. SKILMÁLAR FYRIR SVÆÐI**
 - 4.1 Ökukennsla og æfingsvæði**
 - Braut með bundnu slitlagi, a.m.k. 12 m breið og 100 m löng.
 - Braut (þurr bein braut) með lausu malarýfirborði, a.m.k. 12 m breið og 200 m löng.
 - Braut (hál bein braut) með yfirborði sem hægt er að gera hált, t.d. með því að sprauta vatni á brautina. a.m.k. 9 m breið og 100 m löng.
 - Braut (hál braut í boga) með sérstöku yfirborði sem hægt er að gera hált, t.d. með því að sprauta vatni á brautina. Brautin skal vera 80 metra löng og 9 m breið og í boga, radíus 50 m frá ytri brún brautar. Í framhaldi af bogabrautinni skal vera 20 metra löng öryggisbraut með bundnu slitlagi.
 - Braut með bundnu slitlagi, a.m.k. 80 m löng og a.m.k. 5 m breið, skal vera samhlíða svæði með malarýfirborði sem skal vera hægra megin við fyrirætlaða akstursstefnu á brautinni. Svæðið skal vera a.m.k. 60 cm breitt og a.m.k. 8 cm lægri en yfirborð brautarinnar. Brún af braut á svæði skal vera með a.m.k. 60° halla.
 - Aðkeyrslubraut skal vera til aksturs að öllum kennslubrautum. Gert er ráð fyrir að á henni sé með góðu móti unnt að ná 70 km/klst hraða og aka á þeim hraða um stund áður en ekið er inn á brautina sjálf. Aðkeyrslubraut skal vera a.m.k. 180 m löng og a.m.k. 5 m breið.
 - 4.2 Akstursíþróttir - bifreiðar**
 - Kvartmílubraut 402 m, heildarlengd 980 m með öryggissvæði. 11 m breið með bundnu slitlagi. Tengist hringakstursbrautum og möguleg ökukennsluvæði. Brautinni fylgir plan (pittur).
 - Hringakstursbraut, 625 m löng, 10 m breið með bundnu slitlagi sem tengist kvartmílubraut og lengri hringakstursbraut
 - Hringakstursbraut, 1230 m löng, 10 m breið með bundnu slitlagi sem tengist kvartmílubraut og styttri hringakstursbraut
 - Go-Kart braut 700 m löng, 8 m breið með bundnu slitlagi tengist íþróttahúsi. Brautin er jafnfram hugsuð fyrir ísakstur á hjólum yfir vetrartímann og er þá sprautað vatni á hana.
 - Sandspyrna, 200 m löng og 10 m breið braut innan minni hringakstursbrautar.
 - Götukappakstur, á kvartmílu- og hringakstursbrautum
 - 4.3 Akstursíþróttir - vélhjól**
 - Mótórcross 1,7 km löng malarbraut. Ráðlögð breidd er 8m en lármarks breidd er 5m. Ráskafli skal vera 80m breiður og á milli 80m og 120m langur og leitast skal við að hafa fyrstu beygju til hægri og 10m breiða. Brautinni fylgir startsvæði og plan (pittur).
 - Minicross 0,7 km löng malarbraut. Brautinni fylgir plan (pittur).
 - Ísakstur, 700 m löng, 8 m breið með bundnu slitlagi Brautin verður nýtt yfir vetrartímann og er þá sprautað vatni á hana. Jafnframt er hún ætluð fyrir go-kart á sumrin.
 - 4.4 Skotæfingsvæði**

Skotstefna frá völlum er til norð-austurs til þess að þurfa ekki að miða á móti sóli. Jarðvegsmön er við vellina og í útjarðri svæðisins.

 - Skeet vellir, (olympísk keppnisgrein) tveir vellir 40 m breiðir og 20 m djúpir. Öryggissvæði í skotlínu 270 m, hættusvæði 50- 60 m.
 - Nordisk Trapp völlum, (norræn skotgrein) 25 m breiðir og 15 m djúpur með 270 m öryggissvæði í skotlínu. Hættusvæði 50 - 60 m.
 - 4.5 Hverfisverndað svæði**


Hverfisverndaða svæðið er umhverfis minjar og þann hluta af hrauninu sem er haldið öröskuðu. Hverfisverndaðu svæðum má ekki raska og verða viðkvæmstu svæðin afgirt.
- 5. SKILMÁLAR FYRIR BYGGINGAR**
 - 5.1 Stjórnstöð og þjónustuhús fyrir akstursæfingsvæði**
 - Stærð byggingar allt að 500 m²
 - 5.2 Félagsheimili**
 - Stærð byggingar allt að 240 m²
 - 5.3 Íþróttahús**
 - fyrir Supeross, Innanhús Trail, BMX/Trial reiðhjól, Hjólabretta- og línuskautarampar, Klífurveggir, Go-kart
 - Stærð byggingar allt að 8160 m², (68x120 m)
 - 5.4 Stjórnstöð fyrir ökukennslu**
 - Stærð byggingar allt að 240 m²
 - 5.5 Félagsheimili og aðstaða fyrir skotæfingsvæði**
 - Stærð núverandi byggingar 50 m² og fyrir liggur leyfi til að byggja 43 m² viðbyggingu
 - Tveir turnar og dómarskýli

- 6. BÍLASTÆÐI**
 - 6.1 Félagsheimili, stjórnstöð, þjónusta og akstursíþróttasvæði**
 - Gert er ráð fyrir samtals 432 bílastæðum á þremur bílastæðasvæðum.
 - 6.2 Íþróttahús**
 - Gert er ráð fyrir 96 bílastæðum.
 - 6.3 Ökukennsluvæði**
 - Gert er ráð fyrir 96 bílastæðum.
 - 6.4 Skotæfingsvæði**
 - Gert er ráð fyrir 80 bílastæðum.
 - Samtals á öllu svæðinu er gert ráð fyrir samtals 724 bílastæðum.
- 7. JARÐVEGSMANIR**
 - 7.1** Til þess að draga úr hávaðamengun er gert er ráð fyrir jarðvegsmönnum í samræmi við hjóðvistargreiningu Línuhönnunar frá nóvember 2007 umhverfis mótórcrossbrautir. Endanleg útfærsla þeirra er háð fyrirkomulagi á iðnaðarsvæðum sunnan við deiliskipulagið og væntanlegri íbúðabygging við lok skipulagstímabilsins 2025. Hins vegar er gert ráð fyrir 2-4 m háum jarðvegsmönnum til aðskilnaðar á mismunandi starfsemi innan svæðisins og í jaðri þess. Þá er gert ráð fyrir að núverandi hraunjaðar verði nýttur sem hluti af jarðvegsmönnum. Jarðvegsmannir verði jafnframt nýttar sem áhorfendasvæði.
- 8. GÖNGULEIÐIR**
 - 8.1** Gömul gönguleið er mörkuð í hraunið og er hún innan hverfisverndaðs svæðis. Gönguleiðin er hluti af forni leið frá Straumi og að Gjússeli, Fornaseli og Fjábörginni og skal vera aðgengileg fyrir útivistarfólk.
 - 8.2** Gönguleiðir á milli mismunandi svæða fylgja vegum og bílastæðum auk þess sem gert er ráð fyrir samnýtingu á undirgöngum fyrir gangandi og leið vélhjóla að mótórcross brautum.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 28. október 2015 og í Skipulags- og byggingaráðgjafi þann 26. október 2015.

Tillagan var auglýst frá 17. apríl 2015 með athugasemdafresti til 11. júní 2015.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-eldi Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Hafnarfjarðarbær


Breytt 21.10. 2015, lóðamörk færð inn á deiliskipulagsuppdrátt

Breytt 7. apríl 2015. Breytingar á byggingarreit, aksturbrautum og bílastæðasvæðum

Aksturs- og skotæfingsvæði í Kapelluhrauni

Breyting á Deiliskipulagi

Dags: 31.10.2007 Mkv: 1:5000 Teikn: ypl, mgj

Yngvi Þór Loftsson landslagsarkitekt FÍLA, María Guðbj. Jóhannsdóttir Skipulagsfræðingur

LANDMÓTUN Hamraborg 12, 200 Kópavogi - sími: 575 5300 - fax: 554 5360 - netf: landmotun@landmotun.is

Teikn. nr.: D-01	Breytt
Verk nr.: DU1504	04.11.07
Hannað: YPL, MGJ	14.12.07
	07.04.08
	21.04.08
	07.04.15
	21.10.15